



HRUNAMANNAHREPPUR

48. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2010 – 2014 3. FUNDUR ÁRSINS

VERÐUR HALDINN FIMMTUDAGINN 6. MARS 2014

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2014, þann 6. mars kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Skipun í 17. júní nefnd.
2. Ruslamálaráðherra 2014.
3. Leiksskólastjóri: Uppsögn.
4. Hofatún. Gatnagerð.
5. Bakkatúnsvegur: Samkomulag.
6. Stækkun íþróttahúss: Staða mála.
7. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um skipulags- og mannvirkjagerð á Reykjavíkflugvelli.
8. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi er varðar uppkaup á landi.
9. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Tillaga til þingsályktunar um kaup ríkisins á Grímsstöðum á Fjöllum.
10. Ferðamálafulltrúi Upsveita Árnessýslu: Yfirlit 2013.
11. Aðsóknartölur í sundlaugina á Flúðum og tækjasal íþróttahússins fyrir 2013.
12. Ungmennafélag Íslands: Auglýsing eftir umsóknum um Landsmót UMFÍ 50+ 2016 og Unglingalandsmót 2017.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

13. Ferða- og menningarnefnd: 21. fundur nefndarinnar frá 18. febrúar s.l.
14. Sundlaugarnefnd. 3. fundur nefndarinnar frá 3. mars. s.l.
-liggur frammi á fundinum-
15. Veitustjórn: 30. fundur nefndarinnar frá 3. mars s.l.
-liggur frammi á fundinum-

Fundargerðir v. samstarfs Uppsveita:

16. Fundargerð 68. fundar skipulags- og bygginganefndar frá 20. febrúar s.l, og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 31. janúar til 19. febrúar.
Mál nr. 5: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
Mál nr. 8: Flúðir. Deiliskipulag miðsvæðis.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Tónlistarskóli Árnesinga: Fundargerð 165. fundar skólanefndar tónlistarskólans frá 28. janúar s.l.
- b. SASS: Fundargerð 476. fundar stjórnar frá 31. janúar s.l.
- c. SASS: Fundargerð 477. fundar stjórnar frá 20. febrúar s.l
- d. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 154. fundar frá 24. janúar s.l.
- e. Markaðsstofa Suðurlands: Stjórnarfundur 24. febrúar s.l.

Kynningarmál:

- f. Styrktarsjóður EBÍ.
- g. Hrunaheiðar: Bréf frá Landlögmönnum.
- h. Lánasjóður sveitarfélaga: Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga.
- i. Þjóðskrá Íslands: Uppsetning kjörskrá og skráning kjördeilda.
- j. Lánasjóður Sveitarfélaga: Breytilegir vextir.
- k. Landgræðslufélag Hrunamanna: Ársreikningur 2013.
- l. Hjólreiðaferðamennska á Suðurlandi.
- m. Velferðarráðuneytið: Tekju- og eignamörk.

- n. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 812. stjórnarfundar frá 31. janúar sl.
- o. Hestamannafélagið Smári: Skýrslur stjórnar og æskulýðsnefndar 2013.
- p. Hestamannafélagið Smári: Skýrslur stjórnar og æskulýðsnefndar 2012.
- q. Hestamannafélagið Smári: Ársreikningur 2013.
- r. Hestamannafélagið Smári: Ársreikningur 2012.
- s. SASS:Könnun um húsnæðismál á Suðurlandi.
- t. Skipulagsstofnun: Deiliskipulag í Kerlingarfjölum.
- u. Innanríkisráðuneytið: Breyting á húsaleigubótagreiðslum frá Jöfnunarsjóði.

Fundir framundan:

- v. Aðalfundur Markaðsskrifstofu Suðurlands 13. mars nk.
- w. Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf þann 27. mars nk.
- x. Vorfundur þjónustusvæðis vegna málefna fatlaða 2. apríl nk.
- y. Vorfundur Héraðsnefndar Árnesinga 11. apríl nk.

Skýrslur á skrifstofu:

- z. Samband íslenskra sveitarfélaga: Flutningur málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga.

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

1. **Skipun í 17. júní nefnd.**
Oddviti lagði til að Unnsteinn Eggertsson verði skipaður í 17. júní nefnd til tveggja ára og var það samþykkt.
2. **Ruslamálaráðherra 2014.**
Oddviti lagði til að Sigrún Pálsdóttir verði skipuð sem ruslamálaráðherra 2014 og var það samþykkt.
3. **Leiksskólastjóri: Uppsögn.**
Oddviti kynnti að Halla Gunnarsdóttir leiksskólastjóri hefur sagt upp starfi sínu sem leiksskólastjóri og hyggst snúa aftur til starfa í Flúðaskóla næsta haust en hún hefur verið í leyfi þaðan. Sveitarstjórn vill í þessu sambandi þakka Höllu fyrir góð störf. Sveitarstjóra og formanni fræðslunefndar verði, í samráði við teymisstjóra skólaláðgjafna Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, falið að auglýsa eftir nýjum leiksskólastjóra og undirbúa ráðningarferlið. Áætlað er að nýr leiksskólastjóri taki til starfa næsta sumar.
4. **Hofatún. Gatnagerð.**
Oddviti kynnti tilboð sem borist hefur í gatnagerð í Hofatún í kjölfar útboðs. Eitt tilboð barst frá Gröfutækni upp á kr. 29.995.400 og var það innan kostnaðaráætlunar. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi við Gröfutækni í samræmi við tilboðið.
5. **Bakkatúnsvegur: Samkomulag.**
Oddviti kynnti samkomulag sem fyrir liggur milli Hrunamannahrepps og eigenda Reykjabakka vegna lagningu Bakkatúnsvegur og skipulagsmála honum tengdum. Samkomulagið felur í sér að landeigendur gera ekki athugasemdir við lagningu Bakkatúnsvegur ef vegstæði hans verður utan lands þeirra. Þá gerir samkomulagið ráð fyrir endurgreiðslu á kostnaði landeigenda vegna eignarnámsmála og annarra mála sem tengjast Bakkatúnsvegi. Kostnaður er áætlaður kr. 4.000.000 og skal þeim útgjöldum mætt með lækkun á rekstarhagnaði sveitarfélagsins skv. fjárhagsáætlun. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að undirrita samkomulagið. Þá samþykkir sveitarstjórn að gera breytingar á deiliskipulagi Bakkatúnsvegur í samræmi við samkomulagið.
6. **Stækkun ípróttahúss: Staða mála.**
Oddviti kynnti stöðu mála varðandi stækkun ípróttahússins. Verðkönnun vegna jarðvinnu er í gangi og teikningar og leyfismál í vinnslu. Þá liggur fyrir tilboð frá Límtré-Vírnet ehf í framleiðslu á límtrésburðavirki og yleiningum í klæðningu viðbyggingar ípróttahúss og áhaldageymslu ásamt fylgihlutum upp á kr. 44.510.000. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ganga til samninga við Límtré-Vírnet ehf á grundvelli ofangreinds tilboðs.
7. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um skipulags- og mannvirkjagerð á Reykjavíkurlflugvelli.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um skipulags- og mannvirkjagerð á Reykjavíkurlflugvelli.

8. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi er varðar uppkaup á landi.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi er varðar uppkaup á landi.
9. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Tillaga til þingsályktunar um kaup ríkisins á Grímsstöðum á Fjöllum.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um kaup ríkisins á Grímsstöðum á Fjöllum.
10. **Ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnassýslu: Yfirlit 2013.**
Oddviti kynnti ársskýrslu Ferðamálafulltrúa Uppsveita Árnassýslu fyrir árið 2013. Sveitarstjórn þakkar ferðamálafulltrúa fyrir greinargóða og fræðandi skýrslu og gott starf í þágu sveitarfélaganna.
11. **Aðsóknartölur í sundlaugina á Flúðum og tækjasal íþróttahússins fyrir 2013.**
Oddviti kynnti samantekt á aðsókn í sundlaugina á Flúðum og tækjasal íþróttahússins fyrir árið 2013. Alls sóttu sundlaugina rúmlega 15.000 manns sem er svipað og árið 2012. Þá sóttu á árinu 2013 tæplega 2.200 manns tækjasal íþróttahússins.
12. **Ungmennafélag Íslands: Auglýsing eftir umsóknum um Landsmót UMFÍ 50+ 2016 og Unglingalandsmót 2017.**
Oddviti kynnti bréf frá Ungmennafélagi Íslands þar sem auglýst er eftir umsóknum frá sambandsaðilum UMFÍ um að taka að sér undirbúning og framkvæmd Landsmóts UMFÍ 50+ árið 2016 og Unglingalandsmóti UMFÍ 2017.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

13. **Ferða- og menningarnefnd: 21. fundur nefndarinnar frá 18. febrúar s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 21. fundar nefndarinnar. Fjallað var um hugmyndir varðandi 300 ára fæðingarafmæli Fjalla-Eyvindar og viðburðaskrá afmælisársins. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina. Sveitarstjórn vill hvetja sveitunga til að efna til og taka þátt í viðburðum í tengslum við afmælisár Fjalla-Eyvindar.
14. **Sundlaugarnefnd. 3. fundur nefndarinnar frá 3. mars. s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 3. fundar nefndarinnar frá 3. mars s.l. ásamt því að lagt var fram minnisblað frá Berki Brynjarssyni forstöðumanni Tækisviðs Uppsveita. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina. Sveitarstjórn samþykkir að í framhaldinu verði skipaður þverfaglegur vinnuhópur til að halda áfram með hönnun og þróun að nýrri sundlaug og sundlaugarsvæði.
15. **Veitustjórn: 30. fundur nefndarinnar frá 3. mars s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 30. fundar frá 3. mars s.l.. Fjallað var um beiðni um tengingu við kaldvatnslögn sveitarfélagsins frá Reykjum að Álfstöðum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, bréf frá Atvinnu- og nýsköpunarráðherra og önnur mál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina. Sveitarstjórn samþykkir að sett verði upp veðurstöð og vefmyndavél á Flúðum.

Fundargerðir v. samstarfs Uppsveita:

16. **Fundargerð 68. fundar skipulags- og bygginganefndar frá 20. febrúar s.l, og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 31. janúar til 19. febrúar.**
Mál nr. 5: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
Mál nr. 9: Flúðir. Deiliskipulag miðsvæðis.
Oddviti kynnti fundargerð 68. fundar Skipulags- og bygginganefndar frá 20.febrúar s.l. ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa. Afgreiðsla einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp er eftirfarandi:
Mál nr.57: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 31.janúar til 19. febrúar.
Mál nr. 9: Flúðir. Deiliskipulag miðsvæðis.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar á tillögu að deiliskipulagi fyrir miðsvæði Flúða og samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að auglýsa hana skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. **Tónlistarskóli Árneseinga: Fundargerð 165.fundar skólanefndar tónlistarskólans frá 28. janúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- b. **SASS: Fundargerð 476. fundar stjórnar frá 31. janúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- c. **SASS: Fundargerð 477. fundar stjórnar frá 20. febrúar s.l**
Lagt fram til kynningar.
- d. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 154. fundar frá 24. janúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- e. **Markaðsstofa Suðurlands: Stjórnarfundur 24. febrúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- f. **Styrktarsjóður EBÍ.**
Lagt fram til kynningar.
- g. **Hrunaheiðar: Bréf frá Landlögmonnum.**
Lagt fram til kynningar.
- h. **Lánasjóður sveitarfélaga: Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga.**
Lagt fram til kynningar.
- i. **Þjóðskrá Íslands: Uppsetning kjörskrá og skráning kjördeilda.**
Lagt fram til kynningar.
- j. **Lánasjóður Sveitarfélaga: Breytilegir vextir.**
Lagt fram til kynningar.
- k. **Landgræðslufélag Hrunamanna: Ársreikningur 2013.**
Lagt fram til kynningar.
- l. **Hjólreiðaferðamennska á Suðurlandi.**
Lagt fram til kynningar.
- m. **Velferðarráðuneytið: Tekju- og eignamörk.**
Lagt fram til kynningar.
- n. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 812. stjórnarfundar frá 31. janúar sl.**
Lagt fram til kynningar.
- o. **Hestamannafélagið Smári: Skýrslur stjórnar og æskulýðsnefndar 2013.**
Lagt fram til kynningar.
- p. **Hestamannafélagið Smári: Skýrslur stjórnar og æskulýðsnefndar 2012.**
Lagt fram til kynningar.
- q. **Hestamannafélagið Smári: Ársreikningur 2013.**
Lagt fram til kynningar.
- r. **Hestamannafélagið Smári: Ársreikningur 2012.**
Lagt fram til kynningar.
- s. **SASS:Könnun um húsnæðismál á Suðurlandi.**
Lagt fram til kynningar.
- t. **Skipulagsstofnun: Deiliskipulag í Kerlingarfjöllum.**
Lagt fram til kynningar.
- u. **Innanríkisráðuneytið: Breyting á húsaleigubótagreiðslum frá Jöfnunarsjóði.**
Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- v. **Aðalfundur Markaðsskrifstofu Suðurlands 13. mars nk.**
Lagt fram til kynningar.
- w. **Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf þann 27. mars nk.**
Lagt fram til kynningar.
- x. **Vorfundur þjónustusvæðis vegna málefna fatlaða 2. apríl nk.**
Lagt fram til kynningar.
- y. **Vorfundur Héraðsnefndar Árneseinga 11. apríl nk.**
Lagt fram til kynningar.

Skýrslur á skrifstofu:

- z. Samband íslenskra sveitarfélaga: Flutningur málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga.**

Fleira ekki tekið fyrir, fundir slitið kl. 15.55